

Ættleiddu lítil systkin frá Tékklandi

Rætt við hjónin Sigrúnu Þorbergsdóttur og Ástþór Vilmar Jóhannsson

Sigrún Þorbergsdóttir grunnskólakennari og eiginmaður hennar Ástþór Vilmar Jóhannsson kjötiðnaðarmaður eru bæði í barneignarleyfi. Það væri þó ekki frásögum færandi ef ekki væri fyrir þær sakir að þau ættleiddu nýverið systkini, fjögurra ára pilt og tveggja ára stúlku, frá Tékklandi. Fyrir eiga þau ellefu ára dóttur sem ættleidd var frá Kína. Ekki er algengt að systkini séu ættleidd hingað til lands og enn sjaldgæfara er að þau komi saman. Hjónin sögðu blaðamanni Skessuhorns sögu sína og barnanna þriggja.

Allt hefur gengið vel

Sólrikan maímorgun gengur blaðamaður í hlaðið við notalegt hús á Akranesi. Það heyrir strax að í garðinum eru börn að leik. Þar stendur nýbakaði faðirinn Ástþór og sparkar bolta til barnanna sinna, Jóhanns Mána og Lilju Sólar, við mikla kátínu. Við færum okkur svo inn fyrir þar sem Sigrún býður upp á nýuppáhellt kaffi sem borid er fram í bollum með myndum af Prag, höfuðborg Tékklands. Það má segja að það sé við hæfi þar sem hjónin eru nýkomin heim frá Prag. Þangað fóru þau til að sækja börnin tvö um mánaðamótin mars – apríl. „Það hefur allt gengið vel og gengur sífellt betur. Við erum enn að læra á hvert annað. Þetta er bara þriðja vikan hérna heima og börnin eru enn að læra,“ segja þau á meðan við drekkum kaffið og börnin kakó. Fyrir áttu hjónin dótturina Ástrós Elísabetu, 11 ára. „Hún er búin að vera eina barnið á heimilinu í tíu



Hjónin Sigrún og Ástþór ásamt börnum sínum þremur; Lilju Sól, Ástrósu Elísabetu og Jóhanni Mána.

um að fara í tvö stór sálfræðipróf og svo var heimilislífið skoðað. Þó við höfum ættleitt áður, þá þurftum við að fara í gegnum allt aftur. Annað af þessum prófum var eitthvað bandarískt próf sem tók þrjá tíma. Tékkar gera líka kröfu um að maður fari í blekklessupróf sem hvergi er notað lengur á vestrænum löndum,“ útskýrir Sigrún. „Fyrra prófið jafngildir prófi sem stórbrotamenn eru látnir taka í Bandaríkjunum. Umsögnin um mig var sú að annað hvort var maður svona klókur

Heita Sól og Máni

Jóhann Máni og Lilja Sól eru 12. og 13. barnið sem ættleidd eru til Íslands frá Tékklandi og fyrstu systkinin sem koma saman. Ástþór segir Tékkana vera ánægða með Íslendingana, enda sé vel staðið að ættleiddingum hérlandis. Rúmt ár leið frá því að þau skiluðu öllum pappírurum af sér þar til símtalið örlagaríka barst. „25. febrúar fengum við hringingu frá Íslenskri ættleiddingu. Við vorum bæði í vinnunni og þeir

urinn fékk gjörbreytt nafn, hét Miroslov en heitir í dag Jóhann Máni, í höfuðið á afa sínum.

Setti allt dótið sitt ofan í tösku

Þann 1. apríl fengu Ástþór og Sigrún að hitta börnin sín í fyrsta sinn ásamt túli sem talar reiprennandi íslensku. „Hún sagði við þau að þetta væru mamma og pabbi og við gáfum þeim svo sitthvora gjöfina. Þau voru mjög feimin, sérstaklega Lilja. Við vorum svo með þeim í nokkra tíma á dag fyrstu dagana, bæði fyrir og eftir hádegis,“ segja þau. Hjónin þurftu að læra nokkur tékknesk orð til að geta átt samskipti við börnin fyrstu vikurnar. „Við þurftum að læra að segja nokkur einföld orð, svo sem pissa, drekka og svo framvegis. Það var samt passað upp á að alltaf væri að minnast kosti einn enskumælandi starfsmaður á svæðinu.“

Á fjórða degi gistu börnin hjá nýju fjölskyldunni sinni. „Það gekk ótrúlega vel. Þau voru samt sem áður dálítið órugg. Jóhann setti til dæmis allt dótið sitt ofan í tösku sem hann var með og ætlaði að fara. Hann ætlaði ekki að fara að gista þarna með þessu hálf ókunnuga fólki,“ rifja þau upp og brosa. Fyrsta næturgistingin gekk vonum fram, þrátt fyrir breytinguna fyrir börnin.

Eru af Roma þjóðflokki

Eftir fyrstu vikuna í Prag var haldinn fundur. Þar var sálfræðingur sem hafði aðeins haft umsjón með börnunum, sálfræðingur frá ættleiddingarstofnuninni í Brno ásamt yfirmannskjunnari á barnaheimilinu. „Á fundinum var einnig aðili frá barnaverndaryfirvöldum sem höfðu haft eftirlit með blóðforeldrum þeirra sem ekki gátu haft börnin. Þau eru af Roma þjóðflokki, öðru nafni sígaunar. Flest börn sem gefin eru til ættleiddingar í Tékklandi eru Rómabörn. Það eru fordómur gegn þessum þjóðflokki í Tékklandi og Tékkarnir vilja sjálfir ekki ættleidda þessi börn. Við sem erum frá Íslandi skiljum það ekki, hvernig hægt er að vera með fordóma fyrir litlum börnum,“ segir Sigrún. Hjónin þurftu að vera í Tékklandi í fjórar vikur. Þau eru fyrstu Íslend-

ingarnir sem fóru í gegnum ný ættleiddingarlag í Tékklandi sem segja að foreldrar sem sækja börn til ættleiddingar þurfa að vera í landinu í 4 – 6 vikur og fara svo í dómsal. „Við vissum að við ferðin tæki 4 – 6 vikur og því pöntuðum við bara miða aðra leið. Okkur var svo dæmdur umráðaréttur yfir börnunum eftir 4 vikur en eiginleg ættleidding fer ekki fram fyrr en eftir 6–8 mánuði. Við þurfum fyrst að skila inn skýrslum um þroska og líðan barnanna hér á Íslandi.“

Beið eftir systkinum í mörg ár

Eldri dóttirin Ástrós Elísabet hefur beiðið eftir systkinum sínum í mörg ár. „En þetta er aðeins öðruvísi en hún átti von á, enda eignaðist hún ekki pínulítil systkini þar sem ekki um ungabörn er að ræða. Þetta er erfitt fyrir hana en gengur vel. Hún var með í ferlinu alveg frá upphafi. Eflaust hefur hún hugsað sitt þegar við vorum komin á barnaheimilið enda var hún sjálf á barnaheimili í Kína fyrsta árið í lífinu sínu,“ segja hjónin. Þann tíma sem fjölskyldan var í Prag bjuggu þau í lítilli íbúð á lokuðu svæði sem tilheyrir barnaheimilinu. Þau segja ferlið hafa verið ólíkt því sem þau gengu í gegnum þegar þau ættleiddu Ástrósu Elísabetu. „Þetta voru alveg gjörólíkar ættleiddingar. Öfugt við ættleiddingar frá Kína, þá vitum við alla fjölskyldusögu barnanna. Þegar þau hafa þroska til, þá fá þau að vita sína sögu. Í Ástrósar tilfelli var engin aðlögun úti. Við fengum aldrei að fara á barnaheimilið hennar og hitta hana þar. Það var bara komið með börnin með rútu og svo fengum við þau í fangið við litla athöfn á bæjarskrifstofunni.“ Þau segja að þegar Íslendingar ættleiddi frá Kína sé oftast farið út í hópum að sækja börnin. Þau tengdust þeim hópi sem þau fóru með mjög vel. „Við eignuðumst aðra fjölskyldu í því fólki. Ástrós kallar hinar stúlkurnar Kínasystur sínar,“ útskýra þau.

Finna mikinn stuðning

Eftir að heim var komið þurftu börnin að fara í ítarlega læknskóðun hjá Gesti Pálssyni barnalækni í Reykjavík, líkt og öll önnur börn sem ættleidd eru til landsins. Svo hófst aðlögun og tengslamyndun. „Við fórum bæði strax í barneignarleyfi þegar við fórum út. Við vorum búin að gera klárt fyrir börnin áður en við fórum. Við fengum mikinn stuðning frá vinnuveitendum og öllum hérna á Skaganum. Vinir Ástþórs komu tveimur vikum áður en við fórum og máluðu barnaherbergin,“ segir Sigrún. „Þeir bara hringdu á undan sér og mættu til að mála. Ég er í þessum frábæra 71 árgangi á Skaganum sem hefur stutt okkur aðislega vel,“ bætir Ástþór við. Þau fara mikið með börnin í sund. „Allir eru ótrúlega almennilegir við okkur og við finnum mikinn stuðning alls staðar.“

Börnin aðlagast vel og eru farin að geta tjáð sig aðeins á íslensku. Blaðamaður heyrir þau bæði segja alls konar orð og heyrir Jóhann syngja íslenskt barnalag. „Þau eru alltaf að læra ný orð, læra eitt-hvað með hverjum deginum. Jóhann er farinn að þekkja umhverfið aðeins og þegar við beygjum inn í götuna, þá segir hann „heim.“



Systkinin Lilja Sól og Jóhann Máni sæl og ánægð í vorsólinni.

ár. Við ættleiddum Ástrósu Elísabetu frá Kína og hún var 15 mánaða þegar við eignuðumst hana. Þetta eru því mikil viðbrigði fyrir hana, að eignast tvö systkini í einu,“ segir Sigrún.

Tóku sálfræðipróf

Hjónin byrjuðu í seinna ættleiddingarferlinu í ágúst 2010. Tékkland hefur verið ættleiddingarland síðan 2007 og er eitt þeirra landa sem býður upp á að hægt sé að taka systkini til ættleiddingar. „Við byrjuðum á því að fá forsamþykki á Íslandi sem er veitt af sýslumanni. Eftir það getur umsóknarferlið farið í gang. Seinna í ferlinu vorum við alveg skoðuð ofan í kjölinn, þurft-

að leika á prófið eða allt í lagi með mann,“ segir Ástþór og hlær. Þau segja að þegar öll gögn hafa borist, svo sem skattaskýrslur og alls kyns vottorð, þá taki biðin eftir börnunum við. „Í Tékklandi er ekki eiginlegur biðlisti, heldur para þeir saman eftir því sem þeim finnst passa. Við sóttum um forsamþykki fyrir tveimur börnum og þarna voru systkin.“ Þau bæta því við að það hafi aldrei staðið til að börnin yrðu ættleidd í sitthvora lagi. „Hann passar upp á systur sína og hefur alltaf gert. Hann vildi ekki fara neitt án hennar og lét það vel í ljós. Til dæmis þegar túlkurinn spurði hvernig honum litist á að koma til Íslands „Það er allt í lagi ef Lilja kemur líka,“ svaraði hann þá.“

hringdu í okkur bæði í einu til að segja okkur fréttirnar. Fjórum vikum síðar, vorum við farin út að sækja börnin,“ segir Sigrún. Ættleiddingarskrifstofan í Tékklandi er staðsett í borg sem heitir Brno og þurftu hjónin fyrst að fara þangað. Eftir það fóru þau til Prag, þar sem börnin bjuggu á stóru barnaheimili. „Þetta er stórt svæði með fimm húsum. Þarna búa alls um 100 börn en það voru 20 í þeirra húsi. Svo er þarna aðalhlúsi þar sem eru skrifstofur og aðstaða fyrir ungabörn ásamt úrræði fyrir mæður. Þau höfðu verið saman á þessu barnaheimili frá því að hún fæddist.“ Hjónin völdu börnunum sínum íslensk nöfn. Stúlkan hét áður Lilliana og heitir nú Lilja Sól. Dreng-



Fjölskyldan saman í fyrsta sinn. Myndin er tekin fyrir utan barnaheimilið í Prag, aðeins klukkustund eftir að þau hittu Jóhann og Lilju.

Hann var leiðtogi á barnaheimilinu og hafði mikið að segja. Okkur grunaði því að hann yrði fljótur að læra íslenskuna því hann þarf að segja svo margt,“ segja þau hlæjandi. Lilja er einnig aðeins farin að tjá sig en hún var ekki farin að tala mikið þegar Sigrún og Ástþór eignuðust hana. Sumarið fer í aðlögun en í ágúst fara börnin á leikskólann Akrasel og verða þar part úr degi til að byrja með. Þau hafa nú þegar farið þangað í eina heimsókn sem gekk vel. „Jóhann var ásamt einni stúlku langelstur í sínu húsi á barnaheimilinu. Hann er því ekki vanur að vera með jafnöldrum sínum og þarf að venjast því rólega,“ útskýrir Sigrún.

Mikilvægt að þekkja sinn uppruna

Sigrún bjó til lokaðan hóp á Facebook til að þeir nánustu gætu fylgst með á meðan þau voru í Tékklandi. Hún segist hafa skrifað langa pistla sem hún geymir til að gleyma ekki fyrstu dögnum. „Þetta er eins og þegar við eignuðumst Ástrósu. Ef maður hugsar til baka þá finnst manni að þetta hafi allt gengið ótrúlega vel. Svo les maður dagbókina og þá sér maður að það var alveg sumt erfitt og mikil viðbrigði. Það er fínt að geta lesið þetta seinna,“ bætir Ástþór við. Þau segjast vilja að börnin þekki sinn uppruna og séu stolt af honum. Ef þau skoða myndir þá man Jóhann enn nöfnin á fóstrunum og krökkunum á heimilinu. „Okkur finnst mikilvægt að halda góðum tengslum við fæðingarlandið þeirra. Það er svo mikilvægt upp á sjálfsmynd barnanna, svo þau geti verið ánægð með sig og sinn uppruna. Við innprentuðum til dæmis

í Ástrósu að hún er íslensk en fædd í Kína. Hún sagði þetta einmitt hátt og snjallt á ensku í verslun í Tékklandi þegar maður þar byrjaði að tala við hana á kínversku,“ útskýra þau.

Traustið sífellt að aukast

Fjölskyldan lifir í mikilli rútínu núna á meðan börnin eru að aðlagast þessum nýju og gjörbreyttu aðstæðum. „Þau þurfa í raun að læra allt upp á nýtt, læra að lifa utan barnaheimilisins. Þar var allt lokað og í rútínu sem aldrei var rofin. Einu skiptin sem þau fengu að fara út fyrir svæðið var ef sjálfboðaliðar fóru með þau út.“

Dagurinn byrjar klukkan 7 á morgnanna og jafnvel fyrir. Þá vilja börnin fá að borða og komast út að leika. „Þau eru ekki vön að horfa á sjónvarpið og tolla því ekki við það. Það var svo mikil rútína á

barnaheimilinu og Jóhann er alveg fastur í sinni rútínu. Úti fengu þau að horfa á sjónvarpið í smá stund eftir kvöldmat og hann vill því ekki slaka á fyrr en eftir mat. Seinni part dagsins fara þau í bað, svo borðum við og fljótlega eftir matinn fara þau að sofa,“ útskýrir Sigrún. Þau segja að traustið sé sífellt að aukast og börnin tengist þeim meira með hverjum deginum. „Þau eru farin að skrifa aðeins upp í suma morgna til að kúra. Það stendur í skýrslunni hans að hann sé ekki kelinn, en hann er farinn að sýna okkur blíðu. Það er því sigur hérna megin að hann sé farinn að vera kelinn við okkur,“ segja hjónin Sigrún og Ástþór að lokum. Börnin eru orðin óþreyjufull að komast aftur út í leik í sólinni. Þau nenna ekki lengur að sitja og spjalla enda mun skemmtilegra að spila fótbolta og róla með mömmu og pabba í góða veðrinu.

grþ



Komin heim til Íslands. Myndin er tekin í Leifsstöð, rétt eftir landingu þann 1. maí. Ljósmynd: úr einkasafni.

Brot úr dagbókinni sem Sigrún hélt fyrir ættingja og vini á Íslandi, á meðan fjölskyldan var í Tékklandi

17. apríl

Í morgun var allt hélað úti en það var alveg heiðskirt og gott veður. Jóhann vaknaði klukkan 5 og það þýddi ekkert að segja honum að það væri nótt því það er orð sem hann skilur ekki og við vitum ekki hvernig það er sagt á tékknesku svo útskýringar gengu ekki. Ástrós vaknaði líka, sem er reyndar mjög sérstakt því hún hefur sofði töluvert mikið lengur á morgnanna. Við vorum búin að ákveða að fara niður í miðbæ í dag og gerðum okkur og börnunum lífið auðveldara með því að fá kerru líka fyrir Jóhann. Börnin eru útkeyrð í fótunum og axlirnar á Ástþóri þurfa smá hvíld.

Það var komið mjög gott veður um hádegis þegar við fórum niður í bæ og allir fimm í fínu formi.

Ástrós keypti nokkrar gjafir og við Ástþór keyptum nokkra tékkneska minjagripa. Við höfum þó nokkrum sinnum verið spurð af þjónum eða verslunarfólki hvernig standi á því börnin tali tékknesku, við okkar á milli ókunnugt tungumál (íslensku) og svo ensku við það. Fólk verður undrandi og forvitnið þegar við svörum. Í þessum tilvikum skynjum við samt jákvæðni hjá fólki. Dagurinn í dag var yndislegur, bæði veðrið, skap allra fjölskyldumeðlima og skemmtileg stemning í miðbænum. Það er ákveðinn léttir hjá okkur að vita hvenær við förum heim. Við erum búin að bóka flugið heim og munum fljúga frá Berlín þann 1. maí.

SJÓNGLERIÐ

Skólabraut 25 - sími 431 1619



Opið virka daga 10-18

Lokað á laugardögum í sumar

Skólabraut 25 • Akranesi • Sími 431 1619 • sjonglerid@simnet.is

Kjörfundur í Eyja- og Miklaholtshreppi

Kjörfundur vegna sveitarstjórnakosninga verður haldinn að Breiðabliki laugardaginn 31. maí og hefst kl. 10.00.

Kjösendum er bent á að hafa persónuskilríki meðferðis.

Kjörstjórn



Fjölbrautaskóli Vesturlands

Aukið námsframboð fyrir fullorðna:

Húsasmíði, húsgagnasmíði, pípulagnir, vélvirkjun og almennar greinar til iðnmeistaraprófs.

Á þessum brautum er boðið upp á blöndu af fjarnámi og staðbundnum lotum utan dagvinnutíma fyrir þá sem vilja stunda nám með vinnu. Innritun lýkur 10. júní.

Fjölbrautaskóli Vesturlands
Vogabraut 5
300 Akranesi

Sími: 433-2500
Heimasíða: www.fva.is
Tölvupóstur: skrifstofa@fva.is



Fjölbrautaskóli Vesturlands

Innritun fyrir haustönn 2014 lýkur 10. júní.

Hægt er að sækja um á skrifstofu skólans eða gegnum menntagatt.is.

Við skólann er meðal annars hægt að stunda bóknám til stúdentsprófs, iðnnám í bygginga-, málmíðna- og rafiðna greinum og almennt undirbúningsnám. Hægt er að ljúka stúdentsnámi af öllum iðn- og starfsmenntabrautum.

Heimavist er fyrir þá sem búa fjarri Akranesi.

Fjölbrautaskóli Vesturlands
Vogabraut 5
300 Akranesi

Sími: 433-2500
Heimasíða: www.fva.is
Tölvupóstur: skrifstofa@fva.is

ÖLL ALMENN VERKTAKASTARFSEMI

Sumarhús • Gluggar • Hurðir • Fög

Eiríkur J. Ingólfsson ehf.

Sólbakka 8 • Borgarnesi • ejiehf@simnet.is
Eiríkur 894 5151 • Ingólfur 892 8610



IEJN